

Fokkum feðraveldinu og fjárfestum í kynjakennurum. Kvennaárið brestur á

Sigrún Birna Björnsdóttir Kaaber skrifar grein í Vísi í dag (26. nóv. 2024). „Höfundur er sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum hjá Kennarasambandi Íslands.“ Greinin ber fyrirsögnina: „Ofbeldisvarnir og alhliða kynfræðsla alla skólagönguna.“ Sigrún Birna segir m.a.:

„Ofbeldisfaraldur gegn konum geisar á Íslandi og víðar í heiminum eins og fjallað hefur verið um. Bretar og Þjóðverjar hafa lýst yfir neyðarástandi og rannsóknir sýna að við stefnum hraðbyri á sama stað ef við erum þar ekki nú þegar því staðreyndir tala sínu máli. ...

[R]annsóknir sýna að 40% kvenna á Íslandi hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi á lífsleiðinni og að konur og kvár eru líklegri til að verða fyrir kynferðisofbeldi en önnur. 15% stúlkna í 10. bekk og 6% drengja hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hendi annars unglings og 58% stúlkna og 35% drengja hefur orðið fyrir stafrænu kynferðisofbeldi.“

Hvorki fylgir það sögunni, hvers konar rannsóknir er um að ræða, né skilgreining á "kynferðisofbeldi." Í kvenfrelsunarrannsóknum er það t.d. ofbeldi telji kona karlmann líta sig girndarauga. Það getur jafnvel verið "hatursorðræða" í hljóði.

Fullyrðingin um neyðarástand í Bretlandi er grundvölluð á umfjöllun kvenfrelsunarfréttastofu RÚV um kvenfrelsunargrein í Guardian og könnun af sama toga í Þýskalandi, ef að líkum lætur. Heimildir eru ekki gefnar upp.

Skólinn þarf að gera gangskör að því að efla kynvitund og jafnréttisnæmi, segir Sigrún Birna:

„Menntakerfið leikur stórt hlutverk en ekki einleik þegar kemur að ofbeldisvörnum og fræðslu. Kvennaár 2025 krefst þess að kynjafræði, hinseginfræði og menntun um birtingarmyndir kynbundins ofbeldis og samskiptafærni verði færð inn í námskrá grunn- og framhaldsskóla.

Krafan rímar vel við samþykkt frá 8. þingi Kennarasambands Íslands sem haldið var 2022 hvar jafnréttisnefnd KÍ skoraði á stjórnendur allra skólastiga „að vinna markvisst og kerfisbundið að vandaðri kynfræðslu og ofbeldisvörnum og að slík fræðsla verði í höndum kennara og þannig sjálfbær í skólum.““

Um eitt hundrað þúsund kúgaðar konur komu saman í fyrra, vildu fokka feðraveldinu og aflétta kúguninni. Enn eru konurnar ófullnægðar og því hafa þær tekið höndum saman um Kvennaár 2025.

Nú er eins gott fyrir oss, kúgarana, að skríða í skjólið, sem Regnbogasystemar, Krístrún Frostadóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, vafalaust munu veita okkur. Ófullnægðu konurnar segja m.a.:

„Til að fylgja eftir Kvennaverksfallinu höfum við, fjölmörg samtök femínista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks tekið höndum saman og leggjum fram kröfur okkar. Við gefum stjórnvöldum eitt ár eða til 24. október 2025 til að breyta lögum og grípa til aðgerða til að tryggja fullt og endanlegt jafnrétti kynjanna.

Við ætlum ekki að bíða lengur! Til að fylgja kröfunum eftir og halda byltingunni áfram boðum við jafnframt Kvennaár 2025 þar sem við fléttum saman baráttu okkar fyrir samfélagi þar sem öll búa við jöfn tækifæri og möguleika.“

Við lestur þessara fórnarlambsherópa verður mér hugsað til Ásdísar Aðalsteinsdóttur, húsamálara. Rúmlega tvítugri fól fokking feðraveldið henni að ryðhrensa og mála Lóransmastið á Gufuskálum, sem er 411 eða 412 metra hátt. Þetta var á því kvenfrelsunarári 1980. Ætli hún taki þátt í næsta verkfalli til að fokka feðraveldinu eins og væntanlega hundrað þúsund íslenskar og kúgaðar kynsystur á kvenfrelsunarárinu 2015. Varla!

En ef til vill er skelfing Kvennaársynjanna skiljanleg. Ungur dóni í Bandaríkjunum, karskyns auðvitað, Nicholas J. Fuentes, sagði meira að segja: „Líkami þinn, mitt val um alla eilífð.“ Jafnréttisafurkippurinn er augljós eins og Hanna Birna, kvenfrelsunarfrömuður Sjálfstæðisflokksins, hefur bent á. Ungi Nikulás þyrfti að vara sig, því skjaldmeyjarnar hafa í hótunum um að drepa hann.

Nikulás gæti átt í vændum banvæna ástleitni frá samtökum kvenna, sem ráðgast um, hvernig megi eitra fyrir eiginkörlum sínum. Þessi félagsskapur (MATGA) kallar eld og eimyrju yfir Donald Trump eða öllu heldur eitur (Aqua Tofana), sem hefur reynst vel kúguðum konum um aldir.

Önnur kvenréttindasamtök hafa í orðum piltsins séð flóðbylgju nauðgana. Konur reita hár sitt í örvinglan og búa sig undir nauðgun, alvöru nauðgun en ekki hér-um-bil

nauðgun eins og RÚV greindi frá um árið, þegar kvenfrelsunarhópurinn, Öfgar, voru þar tíðir gestir í einu kvenfrelsunarflogi miðilsins.

Enn einn hópur kúgaðra kvenna kallar Nikulás helfararafneitara og nasista. Það er næsti bær við kvenkúgara.

Monica Hesse hjá Washington Post getur ekki á heilli sér tekið: „Þetta er upphafið af hryllilegum, nýjum veruleika í því skyni að ógna, hlutgera og drepa vonina.“

Van Badham, blaðamaður hjá Guardian, tók undir allsherjarkarlhatur kóreanskra kvenfrelsara (4B movement), og sagði „erfitt að firra sig tilfinningu aðsteðjandi alheimsmyrkurs. Þessir karlar ofsækja okkur á alnetinu.“

Kúgaðar konur allra landa; sameinist og sýnið aðgát í nærveru karla. Nauðgun er fótum nær en hyggur. Það er þó huggun harmi gegn, að konur leiti enn að ljósinu í Ljósagöngu Kvenfrelsunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þar fór í fríðum flokki kvenna Kvenfrelsunarríkislögreglustjóri vor, meðan tölfræðideild hans bjó til skrítin kökurit um dráp á konum, sbr. fréttir RÚV (26. nóv).

<https://www.facebook.com/photo/?fbid=10159785658151570&set=a.10151885380471570>

<https://timarit.is/page/1882493#page/n19/mode/2up>

https://fiamengofile.substack.com/p/the-tweet-that-launched-a-thousand?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=152205803&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.pbs.org/newshour/politics/no-sex-no-dating-no-marriage-no-children-interest-grows-in-4b-movement-to-swear-off-men>

<https://kvennaar.is/>

<https://www.visir.is/g/20242655660d/ofbeldisvarnir-og-alhlida-kynfraedsla-alla-skolagonguna->

<https://edition.cnn.com/2024/11/09/us/4b-movement-trump-south-korea-wellness-cec/index.html>